

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Kaldakinn, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 11. apríl 2019, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir jörðina Köldukinn. Með breyttu deiliskipulagi er gerð breyting á aðkomu-vegi að byggingarreitum B1 og B2 og að Klettholti. Vegtenging af Arbæjarvegi, sem í gildandi skipulagi er rétt sunnan námu, verður færð um 300 m norðar, þar sem nú er sýndur slóði. Ný tenging verður meginaðkoma að byggingarreitum B1/B2 og að Klettholti. Sá vegur mun einnig breytast nokkuð vestan til, til að fá betri vegstæði.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 28. júní 2019.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2019